

LÖG

um breytingu á lögum um Bjargráðasjóð, nr. 146/1995.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

B-liður 5. gr. laganna orðast svo: Tekjur af búnaðargjaldi skv. 6. gr. laga um búnaðargjald, nr. 84/1997, og viðauka með þeim lögum.

2. gr.

3. mgr. 7. gr. laganna orðast svo:

Fjármálaráðherra stendur skil á hlut Bjargráðasjóðs í búnaðargjaldi í samræmi við 6. gr. laga nr. 84/1997.

3. gr.

2. mgr. 10. gr. laganna orðast svo:

Forsenda styrkveitinga úr búnaðardeild sjóðsins er að skil hafi verið gerð á búnaðargjaldi í samræmi við ákvæði laga nr. 84/1997.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998.

Gjört á Bessastöðum, 22. desember 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Páll Pétursson.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 79 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á 5. gr. laganna verða eftirgreindar breytingar:

1. Fjórði töluliður 1. mgr. orðast svo: Siglunes (grp. 3) 66° 11'9 N–18° 49'9 V.
2. Í stað orðanna „austur frá Hvítungum (vms. 19)“ í síðari málsgrein liðar C.5 kemur: suður frá Stokksnesi (vms. 20).
3. Á eftir orðinu „Geirfugladrangi“ í lið D.2 kemur: (63° 40'7 N–23° 17'1 V).
4. Í stað orðanna „réttvísandi suður frá Reykjanesaukavita (vms. 34)“ í lið D.5 kemur: réttvísandi suðvestur frá Reykjanesaukavita (vms. 34).
5. Síðari málsgrein liðar D.6 fellur brott.